

Skólaráðsfundur 12. október 2022

Fundinn sátu: Vildís Björk Bjarkadóttir, Lilja Gunnlaugsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Óskar G. Björnsson, Markús Máni Gröndal, Hulda Þórey Halldórsdóttir og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Óskar bauð skólaráð velkomið til fyrsta fundar og kynnti fundarmönnum hlutverk skólaráðs og möguleg verkefni.

Skólaráð setti niður fundaskipulag vetrarins eða starfsáætlun skólaráðs:

Fundir verða á miðvikudögum, einu sinni í mánuði kl. 12:15.

12. október

2. nóvember

7. desember

18. janúar

15. febrúar

15. mars

26. apríl

10. maí

Fjárhagsáætlun er í vinnslu þessa dagana. Umræða um A-álmum sem er löngu komin á tíma.

Fjölgað hefur verulega á miðstiginu og sú fjölgun heldur áfram á næstu árum. Við það skapast mikil þrengsli í A-álmunni, auk þess sem húsgögnin eru úr sér gengin. Það myndi breyta miklu að fá ný húsgögn fyrir nemendur, fyrirferðarminni og meðfærilegri.

Skólinn er heldur ekki fullbyggður, það vantar náttúrufræðistofu, textílstofu, samkomusal, auk þess sem heimilisfræðistofan er komin á tíma. Ákveðið að skólaráð sendi frá sér ályktun um málið.

Ályktun til fræðslunefndar frá skólaráði Árskóla:

Skólaráð Árskóla skorar á fræðslunefnd Skagafjarðar að beita sér fyrir því nemendahúsgögn í A-álmum verði endurnýjuð sem allra fyrst. Í haust fjölgaði nemendum á miðstigi verulega og á næstu árum koma upp stórir árgangar sem rúmast illa í kennslustofunum í A-álmunni sem búnar eru stórum, þunglamalegum húsgögnum sem komin eru til ára sinna og henta illa fyrir stóra bekki. Samskonar húsgögn og eru fyrir yngsta stigið og unglingsstigið henta nemendum mun betur og rýmið í skólastofunum nýtist betur.

Jafnframt skorar skólaráð á fræðslunefnd að beita sér fyrir því að haldið verði áfram við endurnýjun á A-álmum, því ástandið á álmunni er óviðunandi. Einnig að hafin verði hönnun á

viðbyggingu við Árskóla sem hýsi náttúrufræðistofu, textílstofu, samkomusal og rými fyrir tónlistarskólann.

Skólaráð Árskóla.

Árshátíðir skólans hafa verið settar á bið vegna lokunar Bifrastar fyrir áramót.

Á þessu skólaári er afmælisár Árskóla og gert er ráð fyrir að það verði haldið upp á það með einhverjum hætti.

Rætt um skólaakstur í Hegranesi og biðtíma yngri nemenda vegna valgreina hjá þeim eldri. Fyrir áramót eru þetta mánudagar sem börnin bíða lengst.

Fyrirspurn um þá stoðþjónustu sem skólanum stendur til boða, núna vantar bæði námsráðgjafa og ráðgjafa í staðinn fyrir þann sem hætti í haust. Störfin hafa verið auglýst, en engar viðunandi umsóknir borist.

Hugmynd fá nemendafulltrúum um að fá fleiri leiktæki í skólann til að nota inna dyra, s.s. borðtennisborð og poolborð.

Fyrirspurn um hvenær skólaakstur innanbæjar hefst. Líklegt er að það verði frá og með mánudegi 17. október.

Rætt um að boða til aðalfundar foreldrafélags og tengiliðafundar fljótlega.